



Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um jólagjöf Reykjavíkurborgar til starfsmanna 2018 og 2019 og nýtingarhlutfall.

Á fundi borgarráðs þann 5. nóvember 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn um jólagjöf Reykjavíkurborgar til starfsmanna 2018 og 2019 og nýtingarhlutfall:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um hvernig jólagjöf til starfsmanna jólin 2018 og 2019 var nýtt en hún var gjafakort á sýningar í Borgarleikhúsinu? Hjá Reykjavíkurborg vinna um 10.000 einstaklingar og hefur Reykjavíkurborg gefið starfsmönnum sínum jólagjafir undanfarin þrjú ár. Gjöfin hefur verið gjafakort í Borgarleikhúsið. Ekki liggja fyrir nýtingartölur gjafakortsins og fýsir borgarfulltrúa Flokks fólksins eftir að fá upplýsingar um þær fyrir síðustu tvö ár.

Svar:

Leitað var eftir upplýsingum frá Borgarleikhúsinu við vinnslu þessarar fyrirspurnar. Nýting gjafakorta sem keypt voru í jólagjafir handa starfsmönnum Reykjavíkurborgar árið 2018 var 70%. Árið 2019 var nýtingin 20% sem skýrist af lokun vegna Covid-19 og munu starfsmenn geta notað kortin út árið 2021 eða lengur eftir því hvernig faraldurinn þróast.

Lóa Birna Birgisdóttir
sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs